# Fornleifaskóli barnanna 2025

Fornleifaskóli barnanna verður alla sunnudaga í sumar milli 14:00 - 16:00 og er þáttaka ókeypis.

Fornleifaskólinn er staðsettur á Valhallarreitnum við bílastæðið P5 en einnig er um 10 mínútna gangur ofan frá gestastofu á Haki.

Markmið fornleifaskólans er að kynna krakkana fyrir fornleifarannsóknum og leyfa þeim að grafa eins og „alvöru fornleifafræðingar“ eða þar um bil.

Notast er við múrskeiðar til að skafa upp mold og grafa upp ýmsa „forngripi“. Uppgraftarreitnum er svo hagað að hann líkist þingbúð sem hentar vel þar sem gestirnir verða í næsta nágrenni við helsta fornleifasvæðið.

